

Jeratún ehf.

Lykiltölur úr ársreikningum 2012 - 2016

Rekstrarreikningur	2016	2015	2014	2013	2012
Tekjur	62.403	61.356	48.151	47.058	45.304
Rekstrargjöld	-6.216	-6.884	-5.174	-5.839	-5.253
Afskriftir	-4.343	-4.325	-4.309	-4.786	-4.786
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	-22.437	-25.180	-23.983	-37.315	-43.164
Hagnaður fyrir skatta	29.407	24.967	14.685	-882	-7.899
Tekjuskattur	0	0	0	0	0
Hagnaður ársins	29.407	24.967	14.685	-882	-7.899
Efnahagsreikningur					
Fastafjármunir	428.059	428.933	433.259	435.552	440.308
Veltufjármunir	21.030	22.116	15.540	14.289	12.033
Eignir samtals	449.089	451.049	448.799	449.841	452.341
Eigið fé	130.585	93.178	50.211	10.527	-15.592
Langtímaskuldir og skuldbindingar	265.716	305.960	343.677	385.012	414.784
Skammtímaskuldir	52.788	51.911	54.911	54.272	53.149
Eigið fé og skuldir samtals	449.089	451.049	448.799	449.811	452.341
Yfirlit um sjóðstreymi					
Handbært fé frá (til) rekstri	45.476	28.112	22.945	18.811	17.756
Fjárfestingahreyfingar	-3.468	0	-2.045	0	0
Fjármögnunarhreyfingar	-38.028	-27.194	-19.649	-16.577	-14.725
Handbært fé í árslok	20.388	16.408	15.490	14.240	12.006
Kennitölur					
Veltufjárhlutfall	0,40	0,43	0,28	0,26	0,23
Eiginfjárhlutfall	29,08%	20,66%	11,19%	2,34%	-3,45%

Ársreikningur Jeratúns ehf. árið 2016

Ársreikningur Jeratúns ehf. er gerður í samræmi við nýja og endurbætta staðla (IFRS/IAS) og túlkanir (IFRIC).

Ársreikningur Jeratúns ehf. fyrir árið 2016 var staðfestur af stjórn félagsins í dag, 28. mars 2017.

Jeratún ehf. er einkafyrirtæki í eigu Grundarfjarðarbæjar, Helgafellssveitar, Snæfellsbæjar og Stykkishólmsbæjar og bera þau ábyrgð á skuldbindingum þess. Hlutverk félagsins er bygging og rekstur skólahúsnæðis Fjölbrautaskóla Snæfellinga í Grundarfirði. Starfsemi félagsins flokkast því undir að vera á vettvangi sveitarfélaga.

Hagnaður félagsins á árinu 2016 var 29.407 þús. kr. og í lok þess var eigið fé jákvætt sem nemur 130.585 þús. kr. skv. ársreikningi. Stjórnin mun leggja það til við hluthafafund félagsins að hlutafé verði aukið um 10 milljónir króna.

Stjórn félagsins vekur athygli á áritun óháðs endurskoðanda sem er með ábendingu.

Lántaka félagsins er vegna fjármögnunar framkvæmda við Fjölbrautaskóla Snæfellinga. Sveitarfélögin ásamt ríkinu greiða húsaleigu sem á að standa undir afborgunum og vöxtum af lánum. Í lok ársins námu eftirstöðvar lána um 312 millj. kr. og voru eftirstöðvar í skilum. Sveitarfélögin bera hlutfallslega ábyrgð á greiðslu lánanna.

Félagið er með leigusamning við Menntamálaráðuneytið og sveitarfélögin á Snæfellsnesi vegna fasteignarinnar til 31. júlí 2024. Núverandi leigugreiðslur eru kr. 62.403 þús. kr. á ársgrundvelli og eru verðtryggðar með vísitölu neysliverðs.

Sturla Böðvarsson, er stjórnarformaður Jeratúns ehf. og veitir frekari upplýsingar um starfsemi þess og stöðu.